

Ég er ekki bara hér sem talsmaður umhverfissjónarmiða heldur einnig unga fólksins. Þegar maður er barn er heimurinn einfaldur. Réttlætiskennin er sterk og maður horfir á allt fullorðna fólkið og sér fyrir sér að allir sem einn muni alltaf gera það sem er rétt og ekki láta undan freistingum sem koma til með að bitna á öðrum.

Það vill enginn vera skúrkurinn í sögunni sem ætlar sér að skjóta risastórri byssu út í geim og tortíma jörðinni vegna eigin gremju. Það vill enginn vera sá sem ætlar sér að ryðja burt allan skóginn fyrir gróða á meðan dýrin berjast fyrir lífi sínu. Enginn stefnir á að vera gamla vonda nornin sem vill verða aftur ung og falleg á kostnað þrúðu góðu prinsessunnar.

Þegar við eldumst verður heimurinn alltaf flóknari og flóknari. Fleiri breytur koma inn og við uppgötvum betur og betur að við þurfum að eiga nóg til þess að framfleyta okkur og því meira sem við eigum því betra höfum við það? Er það ekki svoleiðis?

Já og nei. Ef maður týnir þessum barnarlega einfaldleika og missir sig í eigin egói þá já. Ef maður leyfir réttlætiskenninni að lifa og sér einnig hag sjálfra síns í því að við höfum það öll gott sem samfélag þá nei.

Þetta er nefnilega ekki flókið. Það er hagur okkar allra að íslensk náttúra sé í eign okkar allra.

Í 34. Grein nýju stjórnarskránnar segir:

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

Nú hef ég ágætis reynslu af því að tala við fólk í alls konar hagsmunagæslu. Ég vil koma á framfæri að aðgát skal höfð í nærveru sálar þegar hagsmunir eru annars vegar. Flestir eru nefnilega góðar manneskjur, með einstaka undantekningum. Þeir sem taka sína eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni almennings gera sér yfirleitt ekki grein fyrir því sjálfir.

Undirliggjandi er einhver ótti við að missa þægindi, völd eða vinsældir. Manneskjan er bara svo gölluð að það er hægt að réttlæta nánast hvað sem er fyrir sjálfum sér.

Þessvegna er stjórnarskráin mikilvæg. Stjórnarskráin eru leikreglur fyrir alla. Stjórnarskráin sýnir okkur svart á hvítu að náttúran er okkar allra og það er ekkert vafamál. Hún er því ákveðinn böffer fyrir þennan stóra galla í mannlegu eðli.

Flestir geta nefnilega verið sammála þegar rýnt er ofan í kjölinn að það er óeðlilegt að einn einstaklingur geti hagnast á auðlindum í landi sem við eigum öll saman. Það eru bara allt of háværar raddir, óttaslegnar raddir sem reyna að finna allar leiðir til þess að gæta sinna eigin hagsmuna og hafa til þess alveg ótrúlegar leiðir. Við sem samfélag höfum allt of lengi leyft því að viðgangast. Við höfum leyft peningum að ráða allt of mikið.

Af hverju þurfum við sem berjumst fyrir hagsmunum vistkerfanna og lífveranna á jörðinni að sýna fram á fjárhagslegan hagnað þess að hlúa vel að lífríkinu? Fyrir hvern erum við að dansa þennan dans?

Fyrir börnum er þetta einfalt og það hefur sýnt sig á loftslagsmótmælunum hvern einasta föstudag. Við viljum að lífríkið haldi sínu striki. Við viljum ekki bera ábyrgð á því að tegundir deyji út ein af annari. Börnin eru sko ekki að hugsa um fjárhagslegan ávinning þess að vernda vistkerfi, ég get lofað ykkur því. Þau eru bara að hugsa um hvað er rétt að gera.

Afhverju verður þetta þá svona flókið eftir því sem maður verður eldri? Ég einfaldlega veit það ekki.

En mér finnst óeðlilegt að þau sem sitja á alþingi ákveði hvort þau samþykki sínar eigin reglur og aðhald.

Því miður er það mannlegt eðli að reyna að standa vörð um sína eigin hagsmuni og völd. Þessvegna er þetta fólk vanhæft til þess að samþykkja eða ekki samþykkja nýju stjórnarskrána.